

Mars 2009

Félags- og tryggingamálaráðuneytið Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2009

Jafnrétti kynjanna

Norrænt samstarf

Forsætisráðherrarnir bera meginábyrgð á norrænu samstarfi. Ríkisstjórn hvers lands tilnefnir ráðherra úr sínum hópi sem ber ábyrgð á samræmingu norræna samstarfsins fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar auk þess sem hann stjórnar eigin ráðuneyti og nefnist hann samstarfsráðherra. Samstarfsráðherra fyrir hönd Íslands er Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra. Norræna samstarfsnefndin (NSK) hefur umsjón með samstarfinu frá degi til dags og annast einnig yfirstjórn skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Í samstarfsnefndinni sitja háttsettir embættismenn úr stjórnslu norrænu landanna. Sérstakur „formennskusjóður“ (förmansskapspulje) er til ráðstöfunar vegna verkefna á vegum samstarfsins á árinu. Sótt er um til Norrænu samstarfsnefndarinnar (NSK).

Fulltrúi Íslands er Snjólaug Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins. Upplýsingar um norrænt samstarf er hægt að nálgast á heimasíðu Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins (<http://formennska2009.forsaetisraduneyti.is/>) og heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar (<http://www.norden.org/gender/sk/index.asp?lang=1>).

Formennskuáætlun Íslands á sviði jafnréttismála

Jafnréttisráðherrar Norðurlanda hafa starfað saman í 34 ár um sameiginleg hagsmunamál á sínu fagsviði. Þeirri meginreglu er fylgt að miða við norrænt notagildi. Norrænu jafnréttisstarfi er stjórnað í samvinnu ráðherranefndarinnar fyrir jafnrétti (**MR-JÄM**) og embættismannanefndarinnar fyrir jafnrétti (**ÄK-JÄM**). Hún heldur að jafnaði 3–4 fundi á ári en jafnréttisráðherrar funda einu sinni á ári. Fulltrúar Íslendinga í nefndinni eru Ingi Valur

Jóhannsson, deildarstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu, og Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.

Á formennskuárinu 2009 er í fjárlagatillögum ráðherraráðsins gert ráð fyrir 8.188.000 dönskum krónum til ráðstöfunar í verkefni á vegum samstarfsins. Ákveðið hefur verið að jafnvirði 5.000.000 danskra króna verði ráðstafað til að fjármagna starfsemi NIKK og 3.188.000 danskar krónur verði ráðstöfunarfé embættismannanefndarinnar (ÄK-JÄM).

Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin (NIKK) hefur það hlutverk að eiga frumkvæði að og hrinda í framkvæmd verkefnum er varða kynjapólitík og jafnréttismál. Virk miðlun á niðurstöðum, rannsóknum og staðreyndum í öllum norrænu ríkjum skiptir máli fyrir framþróun í samfélagi sem miðar að jafnrétti kynja. Fulltrúar Íslendinga í stjórn stofnunarinnar eru Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, dósent hjá Háskóla Íslands, og Kjartan Ólafsson, lektor hjá Háskólanum á Akureyri.

Norrænu löndin beita sér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fyrir verkefnum á sviði jafnréttismála. Norðurlönd hafa undanfarin ár haldið sameiginlegan hliðarviðburð (Side Event) á árlegum fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna. Undirbúningur þess viðburða hvílir jafnan á þeirri þjóð sem fer með formennsku í norræna samstarfinu og á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Hluti af þeim skyldum er að bjóða til og undirbúa sameiginlegan óformlegan hádegisfund ráðherranna á fyrstu dögum Kvennanefndarfundarins í New York sem venjulega er haldinn um mánaðamótin febrúar/mars.

Grannsvæðasamstarfið

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við nágrannalöndin innan Evrópusambandsins, þ.e. Eistland, Lettland og Litháen, byggist á samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um jafnréttismál sem var samþykkt af jafnréttisráðherrum landanna árið 1998. Tíu ára afmæli samkomulagsins var fagnað á sameiginlegum ráðherrafundi ríkjanna átta í Eistlandi í maí 2008. Ákveðið var að halda samstarfinu áfram og er baráttan gegn mansali eitt af veigamestu verkefnum. Í febrúar 2009 samþykktu jafnréttisráðherrarnir samstarfsáætlun fyrir 2009–2010. Jafnframt var samþykkt áætlun um samstaf um aðgerðir gegn mansali undir heitinu „NB8 Memorandum of Understanding to Combat Trafficking in Human Beings“.

Markmið jafnréttissamstarfsins við Eystrasaltsríkin er að vinna áfram að samþættingu jafnréttis innan pólitískrar ákvarðanatöku á staðbundnum, svæðisbundnum og þjóðlegum vettvangi og miðla upplýsingum um árangursríkar aðferðir.

Formennska Íslands 2009

Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að tvö meginvið verði höfð í fyrirrúmi í norrænu jafnréttissamstarfi árin 2006–2010, þ.e. *kynferði og völd* og *kynferði og æska*. Við norrænni jafnréttisstefnu blasa ný viðfangsefni í tengslum við hnattvæðinguna og þróun á sviði hefðbundinna jafnréttismála.

Embættismannanefnd um jafnréttismál hefur samþykkt að leggja áherslu á sex meginverkefni á formennskuári Íslendinga. Fyrst ber að nefna rannsóknarverkefni um foreldra- og fæðingarorlof en aðgerðir Norðurlanda á þeim sviðum hafa vakið verðskuldaða athygli víða í Evrópu. Rannsókn verður gerð á kyni og völdum þar sem meðal annars verður spurt hvers vegna náðst hefur marktækur árangur við að jafna stöðu kynja í stjórnámum en ekki í efnahagslífinu. Haldið verður áfram með verkefni sem beinast að ungu fólki og jafnrétti kynja og verður sjónum beint að því hvernig menning spilar inn í kynjamun. Á formennskuári verður lögð áhersla á samstarf við Grænland og Færeyjar í jafnréttismálum og loks verður hafin vinna við þá umræðu sem nýjasta má telja í jafnréttisumræðunni; áhrif loftslagsbreytinga á stöðu kynja og ólíkri aðkomu kvenna og karla að stefnumótun og ákvarðanatöku.

Fæðingarorlof – umönnunarstefna – staða kynja

Norræn velferðarkerfi eru þekkt fyrir öflugra þjónustu og bótakerfi sem tryggir þegnunum félagslegt öryggi. Meðal megineinkenna hinna norrænu velferðarkerfa er hversu öflugan stuðning þau veita foreldrum ungra barna til að annast þau á unga aldri. Þrátt fyrir að norræu ríkin eigi margt sameiginlegt á þessu sviði hefur þróunin undanfarna áratugi leitt í ljós að þau hafa valið að fara nokkuð ólíkar leiðir til að tryggja foreldrum stuðning. Þótt talsvert hafi verið gert af samanburðarrannsóknum á fæðingarorlofi annars vegar og dagvistarmálum hins vegar er mikilvægt að skoða samspil þessara stuðningsúrræða og annarra, svo sem heimagreiðslna, til að fá heildarmynd af þróuninni á Norðurlöndum. Í Evrópusambandinu er mikill áhugi á stefnu Norðurlanda í umönnunarmálum. Úttekt og samanburður á þeim getur verið öðrum þjóðum stuðningur við að móta framtíðarstefnu um foreldraorlof og uppbyggingu leikskóla, en mörg lönd huga nú að viðbrögðum við fólksfækkun og lítilli atvinnuþátttöku kvenna.

Verkefni

Samþykkt hefur verið tillaga Íslendinga um rannsókn á samspili umönnunarstefnu norrænu ríkjanna fimm og stöðu og möguleika karla og kvenna til náms og starfa. Áhersla verður lögð á eftirfarandi þætti:

- 1) Nýtingu fedra og mæðra á fæðingarorlofi.
- 2) Umönnunarúrræði eftir að fæðingarorlofi lýkur.
- 3) Samspil 1 og 2 og vinnumarkaðsþátttöku, launa- og vinnuframa fedra og mæðra.
- 4) Áhrif þessa þáttar umönnunarstefnunnar á velferð barna og jafnrétti kynja.

Megineinkenni stefnu hvers lands, réttindi og afleiðingar fyrirkomulags foreldraorlofs verða borin saman og reynsla landanna í þessum efnum skoðuð markvisst og styrkur og veikleiki stefnunnar greindir. Hvaða forsendur hafa löndin lagt til grundvallar við stefnumótun og er unnt að mæla mun á árangri þeirra á þessu sviði?

Rannsóknin er unnin í samráði við embættismannanefndina um vinnumál (ÄK-A). Unnið er með fyrirbyggjandi tölfræði en að gagna verður aflað eftir atvikum, til dæmis vegna stefnugreiningar. Rannsóknarhópur sérfræðinga á sviði umönnunarstefnu og kynjajafnréttis á Norðurlöndum starfar að verkefninu árið 2009. Jafnréttisstofa er umsjónaraðili verkefnisins, Ingólfur V. Gíslason, lektor í Háskóla Íslands, er verkefnisstjóri og Guðný B. Eydal, dósent í Háskóla Íslands, vinnur einnig að verkefninu. Niðurstöður verða gefnar út í bók í árslok 2009 og kynntar á ráðstefnu á Íslandi 22. október 2009.

Kyn og völd

Mikilvægt er ræða og kanna hvernig megi stuðla að jafnri þátttöku karla og kvenna í stjórnámálum og stjórnnum fyrirtækja og stofnana. Undanfarin ár hafa verið gerðar kannanir á völdum í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda ákváðu á fundi sínum í október 2007 að gerð yrði samanburðarrannsókn á Norðurlöndum á stöðu kynja í stjórnámálum og stjórnnum fyrirtækja og stofnana. Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin (NIKK) hefur umsjón með verkefninu sem lýkur á árinu 2009.

Verkefni

Jafnréttisstofa hefur umsjón með kynningu á niðurstöðum rannsóknarinnar „Kyn og völd“. Af því tilefni verður haldin ráðstefna á Íslandi í nóvember (18.–20.) 2009.

Kyn og æska

Verkefni um ungt fólk, kyn og jafnrétti, er eitt af forgangsverkefnum norrænu ráðherranefndarinnar. Rannsóknir á Norðurlöndum benda eindregið til þess að norrænn vinnumarkaður beri greinileg merki kynjaskiptingar og staðalímynda um „náttúrulegan“ starfsvettvang karla og kvenna. Sterk kynjaskipting innan fags, atvinnu og flokkunar á stöðum koma í veg fyrir að jafnrétti ríki milli karla og kvenna á vinnustað. Í þeirri viðleitni að draga úr kynjaskiptingu á vinnumarkaði er mikilvægt að bregðast við áður en unga fólk ákveður hvað það vill taka sér fyrir hendur í framtíðinni. Þess vegna þarf að beina athyglinni að þeirri náms- og starfsráðgjöf ásamt starfskynningu sem drengjum og stúlkum stendur til boða.

Á Norðurlöndum hefur verið unnið að fræðsluverkefnum um jafnrétti í leik- og grunnskólum. Á skólaárinu 2008–2009 er unnið að tilraunaverkefninu „Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum“ á

Íslandi með þátttöku fimm sveitarfélaga auk menntamálaráðuneytisins undir forystu félags- og tryggingamálaráðuneytisins með.

Verkefni

Samþykkt hefur verið tillaga Íslands um ráðstefnu á Íslandi þar sem fjallað verður um jafnréttisfræðslu í skólum á Norðurlöndunum. Kynntar verða aðferðir og árangur jafnréttisfræðslu í skólum á Norðurlöndunum. Ráðstefnan sem er samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins verður haldin dagana 21. og 22. september á Grand Hótel. Umsjón með undirbúningi og framkvæmd hefur Jafnréttisstofa.

Kyn og menning

Kyn skiptir máli þegar litið er til þess sem skapað er á lista- og menningar sviðinu og hvernig menningu er miðlað. Ungu fólknið er eitt af áherslum jafnréttissamstarfsins. Embættismannanefndin um jafnréttismál samþykkti að taka þátt í samnorrænni æskulýðsrannsókn á vegum menntamálaráðuneytisins. Þáttökulönd eru Norðurlöndin ásamt sjálfstjórnarsvæðunum Álandseyjum, Fræreyjum og Grænlandi.

Verkefni

Samanburður verður gerður á menntun, menningarneyslu, viðhorfum og gildismati ungs fólks á Norðurlöndunum. Einnig verður borið saman tólmundastarf, íþróttaiðkanir og vinatengsl stúlkna og drengja. Byggt verður á rannsóknum sem gerðar hafa verið í löndunum auk sérstakrar könnunar sem framkvæmd verður í löndunum átta. Niðurstöður verða kynntar á ráðstefnu á Hótel Sögu 15. til 16. apríl 2010.

Samstarf við Vestur-Norðurlönd

Ísland hefur jafnan lagt ríka áherslu á samstarf við Færeyjar og Grænland á formennskuárinu. Hlutverk og þróun jafnréttislaga er viðfangsefni sem unnið verður í samstarfi við Færeyjar og Grænland. Haldin verður ráðstefna þar sem reynslan af löggjöf landanna verður til umfjöllunar og framtíðarhorfur í jafnréttismálum. Einnig verður samstarf milli landanna í tengslum við verkefnið „Jafnréttisfræðsla í leik og grunnskólum“.

Jafnréttisbarátta og hnattvæðing

Jafnrétti kynja er mikilvægur þáttur í hnattvæðingarferlinu. Í þessu sambandi má benda á breytta skoðun ungs fólks á því hvernig kynferði hefur áhrif á tækifæri þess, breytta aldursamsetningu þjóða, mikilvægi samþættingar fjölskyldu- og atvinnulífs, uppstokkun atvinnulífsins og atvinnuþátttöku kvenna, fjölmenningsleggt samfélag, mansal og vandi, mikilvægi fjölbreytileika

og nýsköpunar og loks loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á stöðu kynjanna. Rannsóknir sýna að jafnrétti skilar arði. Hagvöxtur þjóða er í beinu samhengi við stöðu jafnréttismála. Það sama á við um margbreytileika og nýsköpun.

Á fundi jafnréttisráðherra í maí síðastliðnum var ákveðið að vinna að því að koma jafnréttisumræðu inn í loftslagsumræðuna. Karlar og konur hafa ólík áhrif á loftslagið og verða misjafnlega fyrir barðinu á breytingum á loftslaginu. Sama gildir um möguleika kynjanna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem hafa áhrif á þætti sem skipa máli fyrir þróun mála. Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna verður haldin í Kaupmannahöfn haustið 2009 og í því samhengi er mikilvægt að þróun þessa umræðu.

Undir forystu Dana hefur verið unnið að undirbúningi þessa verkefnis. Á formennskuárinu er áformað að halda sérstakan norrænan hliðarviðburð um jafnrétti og loftslagsbreytingar í tengslum við fund Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York árið 2009. Markmiðið er að leggja fram skýrslu um samhengi jafnréttis- og umhverfismála á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn haustið 2009. Verkefnið verður unnið í samstarfi ráðherranefnda um umhverfis- og jafnréttismál.

Viðburðaskrá árið 2009

1. Embættismannanefndarfundir

- **ÄK-JÄM fundur 20. febrúar í Kaupmannahöfn, 19. febrúar samráðsfundur með NIKK**
- **ÄK-JÄM fundur 3. júní í Reykjavík / Færeyjum**
- **Ä K-JÄM fundur 17. nóvember í Reykjavík**

2. Ráðherrafundur

- **Fundur jafnréttisráðherra 13. október í Reykjavík**
- **Hádegisverðarfundur norrænna jafnréttisráðherra 2. mars í New York**

3. Ráðstefnur

- **3. febrúar - Jafnrétti og loftslagsbreytingar – ráðstefna (seminar) í Kaupmannahöfn.**
- **3. mars - Norrænn hliðarviðburður í New York á Kvennanefndarfundi Sameinuðu þjóðanna. Meginþema er „Men’s caregiving responsibilities in a life span perspective“**
- **5. mars - Norrænn sérfræðingafundur um jafnrétti og loftslagsbreytingar á Kvennanefndarfundi Sameinuðu þjóðanna (Gender equality and climate change)**
- **4. og 5. júní – Ráðstefna í Færeyjum um jafnréttislög á Norðurlöndunum og jafnréttisfræðslu í skólum**
- **21. – 22 . september - Ráðstefna um jafnréttisfræðslu í skólum á Norðurlöndunum**

- **22. október – Ráðstefna í Reykjavík um niðurstöður rannsóknar á fæðingarorlofi á Norðurlöndunum**
- **18.–20. nóvember – Ráðstefna í Reykjavík um niðurstöður rannsóknar um „kyn og völd“ á Norðurlöndunum**
- **Desember - hliðarviðburður í Kaupmannahöfn um jafnrétti og loftslagsbreytingar í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.**

4. Verkefni

Ráðstefna um jafnréttisfræðslu í skólum á Norðurlöndunum. Verkefnisstjóri Arnfríður Aðalsteinsdóttir hjá Jafnréttisstofu.

Rannsókn á fyrirkomulagi, framkvæmd og áhrifum fæðingarorlofs á Norðurlöndunum. Verkefnisstjóri Ingólfur V. Gíslason.

Ráðstefna um fæðingarorlof á Norðurlöndunum. Verkefnisstjóri Tryggvi Hallgrímsson hjá Jafnréttisstofu.

Ráðstefna um niðurstöður rannsóknarverkefnisins „Kyn og völd“ á Norðurlöndunum. Verkefnisstjóri Kristín Ástgeirsdóttir hjá Jafnréttisstofu.

Vestnorræn ráðstefna í Færeyjum um jafnréttislög á Norðurlöndunum og jafnréttisfræðslu í skólum. Verkefnisstjóri Kristín Ástgeirsdóttir hjá Jafnréttisstofu.

Kvenréttindafélaga Íslands hefur fyrir hönd Norræns samstarfsvettvangs kvenréttindafélaga - Nordiske kvindeorganisationer i samarbejde (NOKS) – fengið styrk frá embættismannanefndinni (ÄK-JÄM) til að halda norræna ráðstefnu á Íslandi undir heitinu “ Kön och finanskriser”. Endanleg dagsetning eða dagskrá liggur ekki fyrir.

5. Nefndir eða stjórnir

Stjórn Norrænu kvenna- og kynjarannsóknastofnunarinnar (NIKK). Aðalfulltrúi Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og varamaður Kjartan Ólafsson.



Formenska
Íslands í Norrænu
ráðherranefndinni
2009